

# Starfsleyfi

## Járnprýði ehf.

Kt: 420301 - 2780

Leyfi til að starfrækja: **Málmsmíðaverkstæði**  
Aðsetur starfseminnar: **Akralind 5, Kópavogur**

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis veitir umbeðið leyfi samkvæmt ákvæðum gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

### Leyfið gildir frá 24. september 2018 til 23. september 2030

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt.

#### Gildissvið

Leyfið tekur til reksturs málmsmíðaverkstæðis sbr. ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. og lið 1.2 um stálmíði í X. viðauka við sömu reglugerð.

#### Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum í:

1. IV. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 er fjallar um húsnæði og lóðir,
2. III. kafla reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, þar sem fjallað er um að draga úr myndun alls úrgangs, meðferð, geymslu og flutning hans í söfnunar- og móttökustöðvar til förgunar ásamt þrifnað lóðar,
3. Auglýsingu nr. 582/2000 um almenn skilyrði vegna mengunarvarna,

#### Kröfur er varða mengunarvarnir

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum er varða mengunarvarnir, sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum fyrir málmsmíðjur (járn-, stál-, ál- og blikksmíðjur) sbr. *Fylgiskjal 1*.

#### Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum X. kafla reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna.

Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Við flutning fyrirtækisins fellur leyfið úr gildi. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Taki nýr rekstraraðili við starfseminni er heimilt að fenginni umsókn, að færa starfsleyfið á nýjan rekstraraðila án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi enda verði engin önnur breyting á starfseminni.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis  
Gardabær 15. október 2018

*Guðmundur H. Einarsson*  
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

**Fylgiskjal**

**STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MÁLM SMÍÐJUR  
(JÁRN-, STÁL-, ÁL-, OG BLIKKSMÍÐJUR), sbr 19. gr. laga nr. 7/1998.**

**1. Almenn ákvæði og gildissvið**

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur málmsmiðja (almennra járn-, stál-, ál- og blikksmiðja).
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

**2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk**

- 2.1 Halda skal húsnæði og umhverfi snyrtilegu. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt.
- 2.2 Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.3 Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. ónýtar vélar og vélahluti og annan úrgang á lóð þannig að snúi að almannaþæri eða valdi slyshættu.
- 2.4 Búnaður eða lausamunir sem tilheyra rekstri skal komið snyrtilega fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins. Geymslusvæði á lóð skal skerma af þar sem við á, vegna fokhættu, slyshættu eða það sé til lýta í umhverfi.
- 2.5 Staðsetning geymslugáma er háð leyfi hlutaðeigandi byggingaryfirvalda.

**3. Mengunarvarnir**

- 3.1 Loftræstingu frá vinnslurými skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum og vegfarendum óþægindum eða heilsufarslegri áhættu vegna lyktar, mengunar eða hávaða. Afsog frá vinnslurými skal leitt upp fyrir þakbrún og hærra ef þörf krefur eða hreinsað á viðunandi hátt.
- 3.2 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfsemi. Vélum og öðrum tækjum sem mikill hávaði (þung högg) stafar frá skal komið fyrir á púðum eða með öðrum þeim hætti sem tryggir að hávaði valdi ekki óþægindum í aðliggjandi húsnæði. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 3.3 Gera skal fyrirbyggjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun vegna olíu s.s. með lekabyttum, ísogsefnum, þéttidúk fyrir niðurföll og árekstrarvörnum.
- 3.4 Förgun á notaðir sýru og botnfalli úr sýrukörum skal fara fram í samráði við heilbrigðiseftirlit. Hlutleysa skal notaðar sýrur sem fargað er í fráveitu sveitarfélags. Fráveituvatn frá atvinnustarfsemi skal uppfylla kröfur sem fráveitusamþykktir sveitarfélaga setja.

**4. Efnistöryggi**

- 4.1 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt þar sem ekki stafar mengunarhætta af. Eiturefni s.s. flúrsýru skal geyma í læstum skáp.
- 4.2 Öryggisblöð fyrir merkingaskyld efni skulu vera á staðnum.

**5. Úrgangur og spilliefni**

- 5.1 Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum og skulu þau standast kröfur heilbrigðiseftirlitsins.
- 5.2 Dregið skal úr myndun úrgangs. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Um úrgang fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun um úrgangs.
- 5.3 Fyrirtækið skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu eða endurvinnslu.
- 5.4 Geyma skal hættuleg efni og spilliefni í lokuðum ílátum og á þann hátt að ekki sé hættu á að þau berist út í jarðveg eða fráveitu.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis  
Gardabær, 15. október 2018

*Guðmundur H. Guðarsson*  
HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS